

Umboð

vegna einkaskipta

Ég undirrituð/aður:

Nafn:	Kennitala:	Sími:
Heimilisfang:	Póstnúmer, staður og land:	Netfang:

Veitir hér með:

Nafn:	Kennitala:	Sími:
Heimilisfang:	Póstnúmer, staður og land:	Netfang:

fullt umboð til að koma fram fyrir mína hönd við skipti á eftirfarandi dánarbúi:

Nafn:	Kennitala:	Dánardagur:
-------	------------	-------------

Umboð þetta nær til:

- Að fá heimild sýslumanns til að afla upplýsinga um eigna- og skuldastöðu dánarbúsins, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1991.
- Að undirrita beiðni um leyfi til einkaskipta á ofangreindu dánarbúi fyrir hönd undirritaðrar/aðs, sbr. 29. gr. laga nr. 20/1991 og samþykka þær skuldbindingar sem í því felst. Í framangreindri undirritun felst meðal annars:
Að undirrituð/aður ásamt öðrum erfingjum tekur á sig **sjálfskuldarábyrgð**, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á öllum skuldbindingum sem kunna að hvíla á dánarbúinu og gjöldum sem leiða af skiptunum eða arftöku. Að ef erfingi er ófjárráða eða honum hefur verið skipaður málsvari skv. 2. eða 3. mgr. 13. gr. laga nr. 20/1991, að aðrir erfingjar, þ.m.t. undirrituð/aður, ábyrgist að hann muni ekki þurfa að gjalda fyrir ábyrgð sína á skuldbindingum búsins umfram arfshluta sinn. Ef erfingjar eru allir ófjárráða eða þeim hafa öllum verið skipaðir málsvarar má í stað ábyrgðar annarra erfingja koma samskonar ábyrgð hvers lögráðamanns eða málsvara gagnvart skjólstæðingi sínum.
- Að taka ákvörðun um sérhverja ráðstöfun og gefa yfirlýsingu vegna einkaskipti á ofangreindu dánarbúi allt frá því að sýslumaður veitir leyfi til einkaskipta og fram til þess að skiptum lýkur skv. 93. gr. laga nr. 20/1991. Í því felst meðal annars að taka við tilkynningum sem varða dánarbúið, taka ákvörðun um ráðstöfun eigna búsins, veita viðtöku söluverðmæti eignanna, annast gerð skattframtals, útfylla og rita undir erfðafjárskýrslu og taka ákvörðun um greiðslu erfðafjárskatts.

Allt sem nefndur umboðsmaður gerir samkvæmt ofanrituðu skal jafngilda því að undirrituð/aður hafi það sjálf/ur gert.

Staður og dagsetning

Undirritun

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirritun:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Ef vottur er erlendur þá skal skrifa fæðingardag og ár. Einnig þarf ljósrit skilríkja að fylgja umboðinu.